

Nd. **502. Frumvarp til laga** [239. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

Flm.: Albert Guðmundsson, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ákvæði sem fela kjaradómi að ákveða laun ýmissa opinberra starfsmanna. Flutningsmenn þessa frv. telja eðlilegt að í hópi þeirra verði þeir tveir embættismenn, lögreglustjórinn í Reykjavík og ríkisskattstjóri, sem hér er bætt við. Við teljum að störf þeirra séu þess eðlis, að það sé í alla staði æskilegra að ekki sé um samninga að ræða heldur ákvörðun kjaradóms.

Ljóst er að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og við nánari athugun væri rétt að laun fleiri embættismanna væru ákveðin af kjaradómi.